



Alþingi
B/t Velferðarnefndar Alþingis

Reykjavík, 8. apríl 2024

Efni: Umsögn Samgöngustofu vegna frumvarps til laga um sóttvarnir, 867. mál

Samgöngustofa hefur áður sent umsagnir vegna frumvarps sama efnis, sbr. umsagnir Samgöngustofu frá 1. júní 2022 og frá 27. febrúar 2023.

Fyrri umsagnir stofnunarinnar snérust að mestu leyti um það hlutverk Samgöngustofu sem stofnuninni var fengið að því er varðaði álagningu stjórnvaldssekta.

Ekki hefur verið tekið tillit til athugasemda stofnunarinnar hvað þetta varðar. Nánar tiltekið er í 35. gr. frumvarpsins kveðið á um skyldur flugrekenda eða umráðenda loftfars og útgerða eða umráðenda skips til að tryggja sóttvarnir.

Þá kemur þar fram að "Samgöngustofa geti lagt stjórnvaldssekt á einstakling eða lögaðila fyrir brot gegn 1. mgr. og reglugerð sem sett er á grundvelli 1. mgr., sbr. heimildir Samgöngustofu til að leggja á stjórnvaldssektir, skv. lögum um loftferðir, nr. 80/2022. Ákvörðun um stjórnvaldssekt skal tilkynnt á sannanlegan hátt þeim sem hún beinist að. Gera má lögaðila sekt fyrir brot gegn 1. mgr. og reglugerð settri á grundvelli 1. mgr. óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekið fyrirvarsfolk lögaðilans, starfsfolk hans eða annan aðila sem starfar á vegum hans."

Samgöngustofu var áður fengið það hlutverk að leggja á stjórnvaldssektir vegna brota á skyldum aðila til að tryggja sóttvarnir, og var það gert með breytingu á eldri loftferðalögum, sbr. lög nr. 41/2021 og lög nr. 135/2021. Var þar um tímabundna ráðstöfun var að ræða í tengslum við COVID-19 faraldurinn. Á þeim grundvelli var ráðherra samgöngumála heimilt að kveða á um tímabundnar skyldur flugrekenda/umráðenda loftfars til að tryggja sóttvarnir, með reglugerð. Skyldan er svo nánar útfærð í reglugerð nr. 1669/2021 með síðari breytingum, um skyldu flugrekenda til að kanna vottorð vegna COVID-19 í millilandaflugi.

Engin sambærileg ákvæði hafa verið í gildi um álagningu stjórnvaldssekta vegna þeirra sem flytja farþega til landsins með skipum.

Aðkoma Samgöngustofu við álagningu stjórnvaldssekta í umræddum málum var þó í lágmarki og kom aldrei til þess að stofnunin legði stjórnvaldssektir á flugrekendur eða umráðendur loftfara.

Í framkvæmd var þetta þannig að landamæraeftirlit/landamæraverðir á flugvöllum landsins fóru yfir gögn og mátu hvort viðkomandi flugrekandi hefði uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerð. Í þeim tilfellum sem landamæralögregla taldi að brot hefði átt sér stað, sendi hún Samgöngustofu upplýsingar um meint brot og var það hlutverk stofnunarinnar að leggja á stjórnvaldssekt, eftir að hafa sett málið í stjórnsýslulegan farveg. Á þetta reyndi þó aldrei þar sem í þeim fáu málum sem Samgöngustofa fékk send til sín frá lögreglu var skortur á lagastoð fyrir kröfum reglugerðarinnar. Eftir að úr því var bætt bærust ekki frekari mál frá lögreglu.



Með því frumvarpi sem hér er til umræðu er lagagrundvöllur fyrir kröfum á flugrekendur eða umráðendur loftfara og útgerðir eða umráðendur skipa hvað varðar sóttvarnir settur með skýrum hætti í sóttvarnarlög og er það að mati Samgöngustofu eðlilegur lagagrundvöllur fyrir kröfum sem tengjast sóttvörnum.

Að mati Samgöngustofu er stofnunin hins vegar ekki rétt stjórnvald til þess að leggja á stjórnvaldssektir vegna sóttvarna eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Líkt og að framan er lýst gegndi Samgöngustofa í raun frekar hlutverki milliliðar, vegna komu loftfara, þar sem álagning sekta hefði alfarið byggt á skoðun og mati annars stjórnvalds (landamæralögreglu).

Samgöngustofa bendir á að stofnunin hefur ekki beina tengingu við komur flugrekenda né útgerðir þeirra skipa sem koma til Íslands með farþega. Eftirlit Samgöngustofu með flugrekendum, felst í því að tryggja örugga starfrækslu og lofthæfi loftfara íslenskra flugrekenda, sem og að framkvæma úttektir á flugöryggi erlendra flugrekenda, samkvæmt fyrirfram útfærðum áætlun. Þannig er Samgöngustofa aldrei í stöðugu sambandi við flugrekendur og er ekki að staðaldri á flugvöllum til þess að fylgjast með komum loftfara.

Að því er varðar skipakomur er aðkoma stofnunarinnar sambærileg, en þar má nefna að engin íslensk farþegaskip eru í millilandasiðingum. Eftirlit Samgöngustofu með skipakomum erlendra farþegaskipa, felst í fyrirframákveðnum öryggisúttektum en aðallega skyndiúttektum samkvæmt reglum um hafnarríkiseftirlit, sjá reglugerð nr. 816/2011, og eru um það bil 70 skip, bæði farþega- og flutningaskip skoðuð þannig á ári hverju.

Með vísan til framangreinds og í því skyni að einfalda kerfið og fækka milliliðum er það mat Samgöngustofu að rétt sé að færa ábyrgð og eftirfylgni álagningar stjórnvaldssekta vegna brota á sóttvarnarlögum til þeirra stjórnvalda sem staðreyna þau gögn sem leggja þarf fram í sóttvarnarskyni.

Verði eftir sem áður niðurstaðan að hlutverkið verði hjá Samgöngustofa bendir stofnunin á að kostnaðarmeta þarf umrætt verkefni og að verkefninu þurfa að fylgja fjárheimildir.

Virðingarfyllt

Kristín Helga Markúsdóttir
Framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs

Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir
Deildarstjóri lögfræðideildar